

REGLUGERÐ

um desemberuppbætur á grunnatvinnuleysisbætur.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um desemberuppbætur á grunnatvinnuleysisbætur.

2. gr.

Sá sem hefur staðfest atvinnuleit á tímabilinu frá 20. nóvember til 3. desember og verið skráður án atvinnu hjá Vinnumálastofnun í samtals tíu mánuði eða lengur á því ári sem um ræðir hverju sinni á rétt á desemberuppbót sem nemur 30% af grunnatvinnuleysisbótum skv. 33. gr. laga um atvinnuleysisstryggingar enda hafi viðkomandi verið að fullu tryggður skv. lögum um atvinnuleysisstryggingar á umræddum tíma.

Biðtími eftir atvinnuleysisbótum skal teljast með við útreikninga skv. 1. mgr. enda hafi viðkomandi verið skráður án atvinnu hjá Vinnumálastofnun þann tíma.

3. gr.

Sá sem hefur staðfest atvinnuleit á tímabilinu frá 20. nóvember til 3. desember og verið skráður án atvinnu hjá Vinnumálastofnun samtals í tíu mánuði eða lengur á því ári sem um ræðir hverju sinni en verið tryggður hlutfallslega samkvæmt lögum um atvinnuleysisstryggingar á umræddum tíma á rétt á hlutfallslegri desemberuppbót skv. 1. mgr. 2. gr. í samræmi við það tryggingarhlutfall sem um ræðir.

Biðtími eftir atvinnuleysisbótum skal teljast með við útreikninga skv. 1. mgr. enda hafi viðkomandi verið skráður án atvinnu hjá Vinnumálastofnun þann tíma.

4. gr.

Sá sem hefur staðfest atvinnuleit á tímabilinu frá 20. nóvember til 3. desember en verið skráður án atvinnu hjá Vinnumálastofnun í skemmri tíma en tíu mánuði á því ári sem um ræðir hverju sinni á rétt á hlutfallslegri desemberuppbót skv. 1. mgr. 2. gr. í samræmi við þann tíma sem hann hefur verið skráður án atvinnu hjá Vinnumálastofnun á því ári sem um ræðir hverju sinni enda hafi viðkomandi verið að fullu tryggður skv. lögum um atvinnuleysisstryggingar á umræddum tíma, sbr. þó 4. mgr.

Sá sem hefur staðfest atvinnuleit á tímabilinu frá 20. nóvember til 3. desember en verið skráður án atvinnu hjá Vinnumálastofnun í skemmri tíma en tíu mánuði á því ári sem um ræðir hverju sinni ásamt því að hafa verið tryggður hlutfallslega samkvæmt lögum um atvinnuleysisstryggingar á umræddum tíma á rétt á hlutfallslegri desemberuppbót skv. 1. mgr. 2. gr. í samræmi við það tryggingarhlutfall sem um ræðir og þann tíma sem hann hefur verið skráður án atvinnu hjá Vinnumálastofnun á viðkomandi árinu, sbr. þó 4. mgr.

Biðtími eftir atvinnuleysisbótum skal teljast með við útreikninga skv. 1. eða 2. mgr. enda hafi viðkomandi verið skráður án atvinnu hjá Vinnumálastofnun þann tíma.

Þrátt fyrir 1.–3. mgr. skal desemberuppbót aldrei nema lægri fjárhæð en því sem nemur 25% af óskertri desemberuppbót skv. 1. mgr. 2. gr.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í **3. mgr. 33. gr. a** laga um atvinnuleysisstryggingar, öðlast þegar gildi.